

## Ályktun gegn þjóðarmorði

Í Palestínu hefur verið ófriður síðastliðin 70 ár. Milljónir palestínnumanna hefur verið hrakinn frá heimilum sínum og eignir þeirra ýmist verið eyðilagðar eða færðar öðrum. Og heimsbyggðin horfir í hina áttina.

Palestína er hertekið land og íbúar landsins hafa verið ofsóttir af landtökufólki, með gíslatöku, misþyrmingum, eignaspjöllum eða morðum. Og heimsbyggðin horfir í hina áttina.

Í sameiginlegu ákalli frá UNICEF á Íslandi, Hjálparstarfs kirkjunnar, ABC barnahjálpar, Rauða kross Íslands, UN Women Ísland og Barnaheilla - Save the Children á Íslandi, til íslenskra stjórnvalda segir ma: „Stríðið á Gaza er stríð gegn börnum, enginn staður í heiminum er þeim jafn hættulegur. Næringarskortur blasir við, vatnsskortur er nær alger og farsóttir yfirvofandi. Samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum eiga almennir borgarar alltaf rétt á mannúðaraðstoð og vernd í vopnuðum átökum en öllum er ljóst að þessu er ekki fyrir að fara. Stríðandi fylkingar virða í engu mannréttindi íbúa svæðisins og líf þeirra mun aldrei verða samt aftur, lífi þeir af. Eyðileggingin á Gaza er alger og hvergi er skjól fyrir almenna borgara.“ Undanfarna 200 daga hefur verið staðfest að ísraelsmenn hafa drepit

42.500 manns sem gerir 212 almenna borgara á dag. Af þessum hópi eru 14 þúsund börn undir 16 ára. Að auki hafa ísraelsmenn limlest yfir 70 þúsund manns.

Ísraelsmenn hafa lagt í rúst alla spítala á Gaza og drepit vel á fjórða hundrað lækna eða hjúkrunarfólk. Ísraelsmenn hafa drepit upb 200 fjölmiðlamenn, 224 hjálparstarfsmenn og yfir 40 löggæslumenn.

Með kerfisbundnum hætti hafa ísraelsmenn eyðilagt alla háskóla á Gaza og yfir 70% af öðrum innviðum svæðisins. Og vegna aðgerða ísraelsmanna eru 90% af íbúum Gaza á flótta.

Markvisst hafa ísraelsmenn hindrað aðkomu hjálparstarfsmanna og hjálpargagna inn á svæðið og eru vísvitandi að nota hungur sem vopn.

Í framhaldi af kæru Suður-Afríku telur Alþjóðadómstóllinn líkur á að aðgerðir ísraelsmanna síðustu mánuði geti flokkast sem þjóðarmorð á palestínsku þjóðinni og mun hefja meðferð á málinu á þeim forsendum.

Árสปing HSV 2024 telur að heimssamfélagið ætti að vera löngu búinn að grípa inn í þessa atburðarás með öflugum refsiaðgerðum gegn Ísrael, með sama hætti og gegn Rússlandi og Belarus vegna árásar þeirra fyrrnefndu inn í Úkraínu fyrir tveimur árum.

Þingið harmar afstöðuleysi íþróttahreifingarinnar, bæði á Íslandi sem og í Evrópu, til áður nefndra voðaverka ísraelsmanna og krefst þess að ísraelskir íþróttamenn fái samskonar útilokun frá alþjóðaviðburðum og þeir rússnesku.

Áframhaldandi afstöðuleysi íþróttahreifingarinnar getur í besta falli talist hræsni en í versta falli kynþáttafordómar og meðsekt í þjóðarmorði.

Sigurður Hreinsson

Formaður blakdeildar Vestra